



Borgarráð

Vetrargarður í Breiðholti

Lagt er til að borgarráð samþykki að þróa Vetrargarð í Breiðholti, fjölskylduvænt svæði fyrir iðkun vetraríþróttar þar sem einkum horft til byrjenda og barna. Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að vinna nánari útfærslu að Vetrargarði í Breiðholti á grunni fyrirbyggjandi frumathugunar.

Greinargerð

Í Vetrargarðinum verður áhersla lögð á fjölskylduvænt svæði fyrir iðkun vetraríþróttar og verður einkum horft til byrjenda og barna. Með tilkomu snjóframleiðslu á svæðinu og þurrskíðabraut má gera ráð fyrir því að hægt verði að taka á móti hópum allt árið um kring. Snjóframleiðsla mun fjölga opnunardögum umtalsvert frá því sem nú er. Gert verði ráð fyrir því að svæðið verði mótað þannig að það henti sem best til skíðaiðkunar. Auk þess verði gert ráð fyrir þurrskíðabrekku og túbubraut nyrst á svæðinu sem nýtast allt árið um kring og gönguskíðaleið ofan Seljahverfis. Þjónustubygging verður staðsett efst á hæðinni en þar er víðsýnt yfir borgina. Samhliða uppbyggingu vetraríþróttar verður gert ráð fyrir leikaðstöðu inn á svæðinu auk þess sem fjallahjólabrautir verða lagðar um svæðið. Í jöðrum svæðisins og við skíðabrekkur verður lögð áhersla á trjárækt til skjólmyndunar og snjósofnunar.

Frumathugun fyrir Vetrargarðinn í Breiðholti var unnin af Landmótun sf. í samstarfi við rekstraraðila skíðabrekkna ÍTR og starfsfólk hverfisskipulags Reykjavíkur. Frumathugin ásamt greinargerð var unnin í tengslum við gerð nýs hverfisskipulags fyrir Seljahverfi í Breiðholtið, en gert er ráð fyrir þessari uppbyggingu í skilmálum hverfisskipulags fyrir Seljahverfi. Í framhaldi af þessari vinnu þarf að huga að næstu skrefum og vinna að nánari útfærslu Vetrargarðsins.

Lögð er til eftirfarandi aðgerðaáætlun:

- Hönnun landmótunar hefjist strax á þessu ári og verði lokið um mitt ár 2022.
- Hönnun, kostnaðargreining (fjárfestinga- og rekstraráætlun) og útboðsgögn verði tilbúin við lok árs 2022. Taka þarft tilliti til eftirfarandi atriða:
 - Aðgengi, bílastæði og lagning stíga
 - Lýsing
 - Landmótun
 - Heimtaug – vatn, rafmagn og fráveita
 - Skíðalyftur eða töfrateppi
 - Snjóframleiðsla
 - Tækjakaup
 - Þurrskíðun
 - Gönguskíðabraut
 - Þjónustuhús

- Áhaldaskemma og móttökuhús niðri
- Annar kostnaður
- Framkvæmdir við garðinn verði gerðar í áföngum og að þeim verði að fullu lokið 2026.
- Stefnt skuli að því að heildarfjárfestingin dreifist á framkvæmdatímamann eða lengur með samningum við innkaupa- og framkvæmdaaðila.
- Færanleg snjóframleiðsla verði sett upp í Ártúnsbrekku í byrjun árs 2022.
 - Tilraun gerð með snjóframleiðslu í Ártúnsbrekku er mikilvæg forsenda til að afla reynslu í snjóframleiðslu innan Reykjavíkur og mun sú reynsla nýtast uppbyggingu snjóframleiðslu í Vetrargarðinum.
 - Með snjóframleiðslu í Ártúnsbrekku skapast tækifæri til að fjölga dögum til að njóta skíðaíþróttarinnar í dalnum.
 - Um er að ræða færanlegan snjóframleiðslubúnað sem nýst getur öðrum stöðum innan borgarinnar, t.d. í skíðabrekkunni í Grafarvogi, eða tengt sérstökum skíðaviðburðum í Reykjavík.
 - Áætlaður kostnaður við þessa framkvæmd er um 35 milljónir. Lagt er til að samið verði við framleiðendur að dreifa þessum kostnaði til þriggja ára. Fara þarf í útboð eða verðkönnun á þessu ári.

Dagur B. Eggertsson